

Reykjavík, 11. apríl 2018

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
150 Reykjavík

Umsögn með frumvarpi til laga um lögheimili og aðsetur, sbr. þingskjal 459 – 345. mál.

Almennar athugasemdir

Í 6. gr. laga um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð nr. 163/2007 segir að Hagstofan skuli „leitast við að afla gagna úr stjórnsýsluskrá og öðrum opinberum skrá og gagnasöfnum þegar því verður við komið“. Enn fremur að „Ríkisstofnanir og sveitarfélög sem afla eða hyggjast afla gagna til meiri háttar tölfraðilegrar úrvinnslu skulu upplýsa Hagstofuna um störf sín og áform á þessum vettvangi til að tryggja samræmi í verkefnum, aðferðum og vinnubrögðum og að gögnin nýtist sem best til hagskýrslugerðar. Hagstofan getur í slíkum verkum lagt fyrir hlutaðeigandi aðila að afla viðbótarupplýsinga til hagskýrslugerðar, enda sé tekið tillit til eðlilegra sjónarmiða um kostnað.“ Jafnframt kemur fram að „Ríkisstofnanir og sveitarfélög sem halda skrár vegna starfsemi sinnar eða hyggjast halda slíkar skrár skulu hafa samráð við Hagstofuna um gerð nýrra skráa og endurnýjun eða breytingar eldri skráa til að þær nýtist sem best til hagskýrslugerðar. Hagstofunni er heimilt að óska eftir breytingum á skrá í þessu skyni og skal orðið við þeim óskum eftir því sem við verður komið og að teknu tilliti til eðlilegra sjónarmiða um kostnað.“

Af ofangreindu sést skýr vilji löggjafans til að litið sé á skráarupplýsingar sem auðlind sem nýta skuli í þágu opinberrar hagtölugerðar enda leggur Hagstofa Íslands áherslu á að nýta stjórnsýsluupplýsingar með skilvirkum hætti. Upplýsingar um búsetu einstaklinga liggja til grundvallar við gerð mannfjöldaupplýsinga og manntals en einnig fjölbreyttra upplýsinga um lífskjör, neyslu, heilsufar, vinnumarkað og félagsmál. Hagstofan á því ríkra hagsmuna að gæta þegar horft er til skráningu lögheimilis og aðseturs einstaklinga.

Athugasemdir við einstakar greinar

2. grein Lögheimili og aðsetur

Hagstofa Íslands leggur til að skilgreiningin á aðsetri í frumvarpinu verði útvíkkuð á þann hátt að ekki sé nauðsynlegt að um sé að ræða íbúðarhúsnæði til að hægt sé að skrá aðsetur. Með því væri hægt að tryggja raunverulega skráningu aðseturs, hvort sem um er að ræða aðsetur í hefðbundnu íbúðarhúsnæði, í iðnaðarhúsnæði, ósamþykktu húsnæði eða jafnvel með skráningu staðfangs í þeim tilvikum þar sem viðkomandi býr ekki í húsnæði. Þannig ætti rétt



skráning fólks í óhefðbundinni búsetu að vera möguleg sem eykur nákvæmni skráningarinnar. Þá væri einnig hægt að einfalda skilgreiningu aðseturs sem birtist í frumvarpinu. Í stað þess að segja „Með aðsetri er átt við tímabundna búsetu í húsnæði sem uppfyllir skilyrði lögheimilis skv. 3. mgr., þar sem skráning er heimil samkvæmt ákvæðum laga þessara“ væri þess í stað hægt að skilgreina aðsetur sem tímabundna búsetu, fjarri lögheimili.

3. grein *Frávik frá meginreglu um lögheimilisskráningu*

Skilgreining á starfsmannabústöðum eins og hugtakið er notað í frumvarpinu skortir. Til bóta væri ef skilgreining á hugtakinu væri veitt.

Einnig er óljóst hver munurinn er á tímabundnu lögheimili (samanber 3. grein) og aðsetri. Mikilvægt er að draga fram muninn á þessum tveimur hugtökum eða einfalda frumvarpið og nota frekar hugtakið aðsetur í stað þess að segja tímabundið lögheimili.

5. grein *Lögheimili hjóna og skráð sambúð*

Kveðið er á um að hjónum sé heimilt að skrá lögheimili á sitt hvorum staðnum. Fyrir vinnslu Hagstofunnar skiptir máli hvaða áhrif það hefur á skráningu fjölskyldunúmers í þjóðskrá, það er, munu hjón sem hafa sitt hvort lögheimilið bera sama fjölskyldunúmer í þjóðskrá eða ekki?

8., 9. og 11. grein

Fjallað er um skráningu aðseturs í greinum 8, 9 og 11. Eins og fram kemur í 2. grein frumvarpsins telst aðsetur vera tímabundin búseta. Hins vegar er ósamræmi eftir greinum frumvarpsins hversu títt þarf að staðfesta skráningu aðsetursins. Í 8. grein er ekki gert ráð fyrir nema skráningu þegar viðkomandi hefur tímabundna búsetu, í 9. grein er gert ráð fyrir að aðsetursskráning haldist í fjögur ár og falli að þeim tíma liðnum niður nema viðkomandi hafi sótt um áframhaldandi skráningu en í 11. grein þarf að endurnýja aðsetursskráningu árlega. Hagstofa Íslands telur að sú leið sem farin er í 11. grein frumvarpsins sé mjög til bóta og eykur til muna nákvæmni aðsetursskráningar. Því eru það tilmæli Hagstofunnar að fyrir allar tegundir aðsetursskráningar þá ætti að krefjast endurnýjun skráningarinnar árlega, en að hún falli niður að öðrum kosti. Með því má koma í veg fyrir að eldri aðsetursskráning haldist í þjóðskrá löngu eftir að tímabundinni búsetu viðkomandi lauk.

Vinsamlegast,
f.h Hagstofu Íslands.

Hrafnhildur Arnkelsdóttir
sviðsstjóri